

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2019

Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2019 verði kr. 1.481.416.420. samanborið við kr. 2.431.303.722 árið 2018 en þar skekkir HM 2018 allan samanburð. Ef miðað er við árið 2017 þá hækka tekjurnar úr 1.379 mkr í 1.481 mkr. – eða um 102 milljónir.

Rekstrartekjur	Áætlun 2019	Raun 2018	Raun 2017
Styrkir og framlög	912.059.420	1.804.905.364	751.959.972
Tekjur af landsleikjum	148.275.000	249.097.883	197.822.558
Sjónvarpsréttur	275.000.000	265.943.880	304.036.750
Aðrar rekstrartekjur	86.282.000	61.128.150	61.602.101
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	59.800.000	50.228.445	64.189.270
	1.481.416.420	2.431.303.722	1.379.610.651

Styrkir og framlög

Árið 2019 er gert ráð fyrir 461 mkr. frá UEFA í stað 528 mkr. árið 2018. Framlög vegna Þjóðadeildar UEFA skýrir lækkun framlaga UEFA milli 2018 og 2019.

Árið 2019 hefst nýtt fjögurra ára styrkjatímabil FIFA. Ný reglugerð, FIFA Forward 2.0, hefur tekið gildi og er árlegt framlag FIFA til rekstar 1 m USD. Á þessu tímabili fjármagnar FIFA verkefni fyrir 2 m USD.

Gert er ráð fyrir svipuðum greiðslum á milli ára frá Getraunum og ÍSÍ.

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir verði 140 mkr. árið 2019. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við bakhjarla KSÍ, búningasamningum og vörumerkjasamningum.

Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að tekjur af landsleikjum lækki úr 249 mkr. árið 2018 í 148 mkr. 2019. Þar munar mestu um að A landslið karla leikur ekki tekjuaflandi vináttuleiki á árinu. Gert er ráð fyrir 80% miðasölu á 5 heimaleiki A landsliðs karla og inni í þeirri sölu er miðasala til samstarfsaðila KSÍ. Ekki er gert ráð fyrir sölu á LED skilti við völlinn í heimaleikjum A karla þar sem UEFA er með allan rétt á markaðsréttindum í þeim leikjum.

Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir leiki A landsliðs karla til UEFA frá september 2018 til júní 2022 og er KSÍ skuldbundið til að leika 40 leiki á því tímabili í undankeppni EM 2020, HM 2022, Þjóðadeildinni 2018 og 2020 og vináttulandsleiki. Greiðslan fyrir réttinn er 10 m EUR fyrir 2018-2022. Gert er ráð fyrir jafndreifingu tekjufærslna.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 86 milljónir króna samanborið við 61 milljón árið 2018. Samanstanda þessar tekjur af námskeiða- og mótatengdum gjöldum, greiðslum fyrir tölvuleiki og tekjur vegna tónleikahalds, sem er stærsti liðurinn.

Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2019 tæpar 60 mkr. Stærstur hluti rekstrartekna eru skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þess fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar var gerður árið 2014 og gildir út árið 2025. Ljóst er að KSÍ þarf að leita leiða til þess að taka upp samninginn við Reykjavíkurborg um rekstur vallarins.

Rekstrargjöld

Kostnaður við landslið

Í áætlun ársins er gert ráð fyrir að landsliðskostnaður verði kr. 643.952.188. Það er lækkun á milli ára en hér er samanburður við 2017 raunhæfari vegna áhrifa HM 2018. Ef árin 2017 og 2019 eru borin saman er hækkun heildarkostnaðar 6 mkr. Þrátt fyrir að í áætlun sé gert ráð fyrir fleiri landsleikjum árið 2019. Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir 84 landsleikjum, samanborið við 89 árið 2018 og 79 árið 2017.

Kostnaður við landslið	Áætlun 2019	Raun 2018	Raun 2017
A-landslið karla	309.556.389	902.065.067	288.814.314
U-21 landslið karla	48.883.201	47.760.357	40.174.548
U-19 landslið karla	23.948.593	28.172.644	21.578.227
U-17 landslið karla	32.654.513	41.487.068	37.577.629
A-landslið kvenna	104.832.990	124.088.937	162.228.432
U-19 landslið kvenna	37.811.543	29.968.007	13.384.002
U-17 landslið kvenna	35.287.987	38.024.700	34.840.656
Sameiginlegur landsliðskostnaður	50.976.972	48.000.564	38.528.904
	643.952.188	1.259.567.344	637.126.712

Skýringin á hækkuðum áætluðum kostnaði U19 kvenna er vegna undankeppni EM U19 haustið 2019, en riðillinn verður haldinn hér á landi. Í sameiginlegum landsliðskostnaði hafa bæst við/hækkað liðir eins og úrtaksæfingar, hæfileikamótun (U15 ára landslið) og knattspyrnskólar. Þá er gert ráð fyrir stofnkostnaði við nýtt sjúkraskráningarkerfi KSÍ í samvinnu við Heilsugæsluna, sem er samkvæmt reglugerð UEFA. Framkvæmdastjóri KSÍ mun funda með formönnum landsliðsnefnda, starfsmönnum landsliða (og landsliðsþjálfurum eftir atvikum) og fara yfir fjárhagsáætlun hvers liðs. Öll umtalsverð frávík frá fjárhagsáætlun verða kynnt fjárhagsnefnd – og eftir atvikum leitað samþykkis skv. reglum um samþykkt kostnaðar sem samþykktar voru af stjórn árið 2017.

Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir 7 mkr. hækkun á mótakostnaði á milli ára, þ.e. úr 210 mkr. í 217mkr. Helstu kostnaðarliðir eru dómaramál 176,5 mkr., Evrópukeppni félagsliða 5,5 mkr., og markaðs- og auglýsingakostnaður 5 mkr.

Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður hækki um 7,2 mkr. á milli árunna 2018 og 2019. Helstu kostnaðarliðir eru laun og verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið og kennslugögn og ferðakostnaður.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Í liðnum skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 17 fastráðnum starfsmönnum á skrifstofu og því til viðbótar stöðu yfirmanns knattspyrnusviðs. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að formaður stjórnar sé á launum á fjárhagsárinu, auk þess sem gert er ráð fyrir sumarstarfsmanni. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjölgun starfsmanna á árinu. Gert er ráð fyrir því að laun og launatengd gjöld verði á árinu 2019 rúmar 211 mkr. Hækkunin á milli ára skýrist af almennum launahækkunum, en gert er ráð fyrir 4,5% hækkun á launum á milli ára og áður nefndri stöðu yfirmanns knattspyrnusviðs. Gert er ráð fyrir því að skrifstofu- og rekstrarkostnaður lækki úr rúmum 80 mkr. árið 2018 í rúmar 64 mkr. 2019. Þar gerum við ráð fyrir lækkun á milli ára í aðkeyptri sérfræðiaðstoð og fundakostnaði. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar er tölvukostnaður 20 mkr., ársþing 10 mkr., aðkeypt sérfræðiaðstoð 12 mkr., fundakostnaður 9,5 mkr., styrkir og framlög 3 mkr. og annar skrifstofukostnaður 3,1 mkr.

Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður hækki úr rúmum 25 mkr. 2018 í tæpar 30 mkr. 2019. Stærstu kostnaðarliðir í húsnæðiskostnaði eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

Annar rekstrarkostnaður

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður lækki úr 13,5 mkr. 2018 í 7,5 mkr. 2019. Helsta skýring á þessari lækkun er að framkvæmdum við breytingu á skrifstofurými er að mestu leyti lokið. Helsti kostnaðarliður bak við annan rekstrarkostnað er kostnaður við tónleika. Aðrir liðir hér eru breytingar á afskriftum krafna sem og þátttökuleyfi.

Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar hækki úr rúmum 83 mkr. 2018 í 88 mkr. 2019. Helsti kostnaðarliður við rekstur vallarins er launakostnaður tveggja fastráðinna starfsmanna og sumarstarfsmanna. Aðrir stórir kostnaðarliðir eru öryggisgæsla, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.) Gert er ráð fyrir að umfang í rekstri aukist á milli ára - þ.e. um 60 viðburðir voru á velli árið 2018 en verði 66-70 viðburðir árið 2019.



Lokaorð/samantekt

Við gerð rekstraráætlunar 2019 var sett fram rekstraráætlun fyrir sambandið til loka ársins 2022. Gerð var sú krafa að rekstur sambandsins gæti staðið undir umfangi rekstraráætlunar 2019 allt til ársloka 2022. Slík áætlunargerð er nauðsynleg til að glöggva sig á að ekki er hægt að útvíkka starfsemina nema sambandið beri þann árlega kostnað til langs tíma.

Gengi sem notað var í áætlun 2019 er EUR 135 og USD 120.